

Reglur Blönduósþæjar um framlög til stjórnálasamtaka er þjóða fram til sveitarstjórnarkosninga.

Í 5.gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra er kveðið á um að sveitarfélög með fleiri íbúa en 500 veiti stjórnálasamtökum fjárframlög til starfsemi sinnar.

5. gr. *Framlög til stjórnálasamtaka frá sveitarfélögum.*

Sveitarfélög með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árlegt fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík fjárframlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunnar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

Á grundvelli 5.gr.laga nr. 162/2006 eru reglur Blönduósþæjar um framlög eftirfarandi:

- Framlag til stjórnálasamtaka skal ákvarða í fjárhagsáætlun ár hvert og skal eigi nema lægri fjárhæð en 300.000 kr., á ári hverju. Úthlutunin fer fram til þeirra stjórnálasamtaka sem hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða eða einn mann kjörinn og skal framlag hvers árs úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.
- Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal upphæðin eigi nema lægri upphæð en 500.000 kr., á því ári, og úthlutast eftir sömu viðmiðum og að ofan greinir, í 1. lið.
- Framlag skal greitt til stjórnálasamtaka í samræmi við samþykktir þeirra. Greiða skal, samkvæmt reglunum, 1. júlí ár hvert, í hlutfalli við atkvæðamagn við síðustu kosningar.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn Blönduósþæjar, 2. október 2018.